

## LISTIR

## Stöðnun er alltaf dauði í sjálfu sér

Morgunblaðið/Jim Smart

Sýning á verkum Eyjólfssonar var nýverið opnuð á Kjarvalsstöðum. Súsanna Svavarsdóttir ræddi við listamanninn um hringekjur, sanda og hversu gaman er að brjóta prinsíp.

HRINGEKJUR lífsins er yfirskrifin á sýningu Eyjólfssonar sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Við fyrstu sýn virðast myndirnar vera af landslagi. Þegar betur er að gáð verða þær að náttúrumyndum og þegar enn nær er gengið verða þær að portretti af örlögum mannsins. Enn er ógáð að heiti myndanna – sem er svo kirfilega úthugsað að hver mynd verður að sögu. Enda segir listamaðurinn: „Stundum veit ég ekki hvort ég er að mála landslagsmyndir eða eitthvað annað. Ég nota gjarnan landslag sem bakgrunn í myndum mínum og síðan leik ég mér að hlutum sem ég bæti inn í, til dæmis skrárgötum, flugdrekum, glerhjúpum og stjórntækjum fyrir leikbrúður, sem standa fyrir persónugervingu valds.

Á sýningunni eru fjórar myndir af hringekjum. Þrjár myndanna eru gríðarstórar og bera þær heitið Biðstöð I, Biðstöð II og Endastöð. Hringekjurnar eru skreyttar mynd-

um af íslensku landslagi og á tveimur þeirra er fólk og það er eins og lífshlaupinu bregði fyrir í einu leiftri.

„Út af fyrir sig eru þær einangraðar lítil heimur. Þær geta verið persónugervingur margra þátta, til dæmis lífsins, og þess vegna set ég fólk inn á þær og landslag,“ segir Eyjólfur

## Ekki vingjarnlegt landslag

Það er óhætt að segja að myndirnar séu heillandi. Þær sýna náttúru þar sem er hátt til lofta og vítt til veggja þar sem sandarnir breiða úr sér. Eyjólfur segist vera mjög upptekinn af auðninni á Íslandi, söndum sunnanlands, á Mývatnsöræfingum og fleiri stöðum þar sem sjóndeildarhringurinn er víður og langur.

„Þetta er ekki vingjarnlegt landslag þótt það virki fallett. Þetta eru ekki fjöllin blá.

Samt er þetta ægífagurt og mystískt.



Eyjólfur Einarsson listmálari.

„Ég skynja oft vissa ógn í landslagi. Þar er ekkert öruggt. Þeir hlutir sem ég set inn á myndirnar eru til að leggja áherslu á það. Ég set þessa hluti inn í óraunverulegt landslag.“

Er það til að endurspeglar fallvaltleikann?

„Já, til dæmis.“

Hefurðu alltaf verið upptekinn af landslagi?

„Já, ég málaði afstrakt í meira en tuttugu ár en það er spurning hvort maður hefur nokkurn tímann losnað við landslagið. Hins vegar virkaði afstraktmálverkið ekki lengur fyrir

mig. Það fólst orðið einhver tótleiki í því að raða endalaust saman formum og litum. Kannski var það bara orðið of auðvelt og kominn tími til að takast á við sjálfan sig.

Það er alltaf góð tilfinning að finna að maður þarf að gera breytingar. Stöðnun er alltaf dauði í sjálfu sér. Þegar maður finnur að maður hefur ekki lengur gaman af því sem maður er að gera er mál að breyta til. Það er alltaf gaman að brjóta prinsíp sem hafa lengi verið haldin. Ég hélt til dæmis að ég ætti aldrei eftir að mála fólk. Það prinsíp var

brotið í þessari sýningu og það er notaleg tilfinning. Svo er aldrei að vita hvaða prinsíp eiga eftir að fjúka í framtíðinni. Kannski á ég eftir að nota annað efni. Málverkið er í sjálfu sér ekkert heilagt efni. Það hentar mér hins vegar vel og þess vegna nota ég það. En það verður alltaf að vera spennan og eftirvænting. Þetta er eins og ferðalag sem maður veit ekki hvar endar.

## Spurningin um góða list

Hlakkarðu þá ekki alltaf til að fara á vinnustofuna?


„Það er upp og niður. Jú, oftast er gaman að fara á vinnustofuna, þótt hlutirnir geti vissulega staðið í mér. Annars er ég mjög skipulagður í vinnu og geri alltaf skissur og vinn út frá línuteikningu. Ég er það klassískt menntaður að ég get ekki málað málverk nema gera línuteikningu. Það má segja að ég sé búinn að komponera myndina áður en ég fer að mála hana.“

Það er óhjákvæmilegt að leiðast inn á þær brautir að ræða hvað sé gott listaverk, einkum vegna þess hversu glæsileg verk Eyjólfssonar eru. Hann brosir góðlátlega og segir: „Ja, eins og Svavar Guðnason, vinur minn, sagði: „Ég er alltaf viss um að listaverk sé gott ef mér líður eins og ég hafi verið slæginn í hnakkann með slægju.“

Þarf að segja meira?

## Susan Chilcott látin

EIN MESTA óperusöngkona Breta, Susan Chilcott, er látin, aðeins fertug að aldri, eftir þriggja ára hetjulega baráttu við brjóstakrabba.



Susan Chilcott

Susan Chilcott hóf feril sinn með Skosku óperunni og skipaði sér fljótt í röð bestu sópransöngkvenna Bretu. Hún söng í Ensku þjóðaróperunni, í Norðuróperunni, Velsku óperunni og á Glyndebourne óperuhátíðinni, og þreytti frumraun sína við Konunglegu óperuna í Covent Garden í júní á þessu ári. Þar söng hún hlutverk Lisu í Spáðadrottningunni eftir Tsjaikovskíj, en mótsöngvari hennar var enginn annar en Placido Domingo. Susan Chilcott hreif óperuennendur jafnt sem gagnrýnendur sem notuðu jafnan hástemmdustu lýsingarorð í umfjöllun um fagran söng hennar. Hún var

hávaxin og tíguleg, og þótti sviðsfrankoma hennar einstaklega örugg og lifandi.

Susan Chilcott komst í fréttirnar fyrir nokkru, þegar kertalogi skaut neistum í búning hennar í miðri aríu, svo af varð talsvert bál. Þá hélt hún stóískri ró sinni og hélt söngnum áfram þegar sviðsmenn voru búnir að slökkva í henni.

Það voru ekki Bretar einir sem fengu að njóta söngs Susan Chilcott. Árið 1994 söng hún fyrst erlendis; í Monnaie óperunni í Brüssel og í kjölfarið fylgdi hún í öllum helstu óperuhúsum Evrópu.

Fyrir þremur árum greindist hún með krabbamein, og undirgekkst bæði skurðaðgerð og erfiða lyfjameðferð. Hún lét veikindin ekki aftra sér frá því að syngja, og meðan á meðferðinni stóð söng hún á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins, BBC á tónleikum í Barbican listamiðstöðinni. Sjálf sagði hún þá tónleika líklega þá mikilvægustu á ferli sínum.

## Gömul og ný verk í ASÍ

TVÆR sýningar voru opnaðar í Listasafni ASÍ, Freyjugötu í gær, laugardag.

Í Ásmundarsal og Gryfju opnaði Inga Jónsdóttir sýningu sína Ryk. Í Arinstofu sýnir Kristinn Pétursson verk sín og kallar sýninguna Töfratákn.

Sýning Ingu er hugleiðing um tengsl ryks og lista í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Hún sýnir þrívíddar- og myndbandsverk, ljósmyndir og teikningar.

Sýning Ingu stendur til 21. september.

„Listin er ekkert staðnað fræðikerfi, heldur frjáls og lifandi straumur alveg eins og draumurinn með óvæntum stökkbreytingum og hugvitsamlegum táknum og furðulegheitum,“ segir Kristinn Pétursson í riti sínu „Töfratákn“ frá 1972. Um 20 olíumálverk hans frá árabílinu 1943-1955 sem sýndu eru í Arinstofu spegla þetta viðhorf hans.

Verkin eru öllu úr eigu Listasafns ASÍ. Sýningin stendur til 12. október. Opnið þrívíddudaga til sunnudaga kl. 13-17. Aðgangur er ókeypis.

## Skáldsaga

Dýrlegt fjöldasjálfsmorð er eftir Arto Paasilinna í þýðingu Guðrúnar Sigurðardóttur.

Tveir menn hittast fyrir tilviljun í gamalli hlöðu, sem þeir hafa báðir valið til þess að binda enda á líf sitt. Þeir ákveða að slá því á frest og auglýsa eftir öðru fólk í sjálfsmorðshugleiðingum. Úr því verður til kostulegur



hópur sem sammælist um að stefna að dýrlegasta fjöldasjálfsmorði sögunnar. Ferð þeirra í gegnum Finnland verður hin ærslafyllsta – og lífsþorstinn reynist drjúgur þegar á reynir.

Arto Paasilinna er einn vinsælasti höfundur Finnlands og hafa bækur hans verið þýddar á fjölmörg mál. Eftir Dýrlegu fjöldasjálfsmorði hefur verið gerð vinsæl kvikmynd. Áður hefur komið út eftir Arto Paasilinna skáldsagan Ár hérans. Arto Paasilinna er gestur á Bókmenntahátíð í Reykjavík.

Útgefandi er Mál og menning. Bókin er 215 bls. og prentuð í Danmörku. Kápu gerði Ámundi Sigurðsson. Verð: 1.599 kr.

## Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

## Komdu í heimsókn

Málstofur haustið 2003

Hagfræðistofnun er sjálfstæð vísindaleg rannsóknastofnun í hagfræði sem starfar innan Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Forstöðumaður Hagfræðistofnunar er Tryggvi Þór Herbertsson. Málstofur Hagfræðistofnunar eru haldnar á Aragötu 14, hvern miðvikudag kl. 16.15 og eru öllum opnar.

Í málstofunum verða kynntar rannsóknir starfsmanna og gesta deildarinnar.

- Miðvikudagur 10. september, kl. 16:15: **Sigurður Jóhannesson**, Hagfræðistofnun, „Efnahagsáhrif lágmarkslauna á Íslandi“
- Miðvikudagur 17. september, kl. 16:15: **Jón Þór Sturluson**, Hagfræðistofnun, „Skriptir reynsla keppinautar máli? Vísbandingar úr tilraunahagfræði“
- Miðvikudagur 24. september, kl. 16:15: **Ágúst Einarsson**, Viðskipta- og hagfræðideild HÍ, „Hlutabréfamarkaðurinn hérlandis - þróun löggjafar og viðskipta“
- Miðvikudagur 1. október, kl. 16:15: **Stefán Bjarni Gunnlaugsson**, Háskólinn á Akureyri, „Er samband milli daga, mánaða, hátíða og ávöxtunar á íslenskum hlutabréfamarkaði“
- Miðvikudagur 8. október, kl. 16:15: **Sveinn Agnarsson**, Hagfræðistofnun, „Hagvöxtur og framleiðni á Íslandi 1870-1945“
- Miðvikudagur 15. október, kl. 16:15: **Philip Jacobs**, University of Alberta, „Kostnaður við umferðarslys í Alberta“
- Miðvikudagur 22. október, kl. 16:15: **Snjólfur Ólafsson**, Viðskipta- og hagfræðideild HÍ, „Framkvæmd stefnu“
- Miðvikudagur 29. október, kl. 16:15: **Ásgeir Jónsson**, Hagfræðistofnun, „Þróun viðskiptajöfnuðar þegar þjóðin á von á skelli“
- Miðvikudagur 5. nóvember, kl. 16:15: **Ron Smith**, Birkbeck College og **Gylfi Zoega**, Viðskipta- og hagfræðideild HÍ og Birkbeck College, „Identifying shocks to unemployment in the OECD countries“.
- Miðvikudagur 12. nóvember, kl. 16:15: **Mariás H. Gestsson og Tryggvi Þór Herbertsson**, Hagfræðistofnun, „Áhrif einfaldrar fjármálaeaglu á hagsveiflur og peningamálastjórn“
- Miðvikudagur 19. nóvember, kl. 16:15: **Runólfur Smári Steinþórsson**, Viðskipta- og hagfræðideild HÍ, „Stefna og stefnumótun hjá hinu opinbera“
- Miðvikudagur 26. nóvember, kl. 16:15: **Póra Helgadóttir**, Hagfræðistofnun, „Eftirlitsaðurinn á Íslandi“
- Miðvikudagur 5. desember, kl. 16:15: **Sólveig F. Jóhannsdóttir**, Hagfræðistofnun, „Kynslóðareiningar á Íslandi 1994-2001“
- Miðvikudagur 12. desember, kl. 16:15: **Helgi Tómasson**, Viðskipta- og hagfræðideild HÍ, „Mat á tekjudreifingum“

Nánari upplýsingar má finna á [www.ioes.hi.is](http://www.ioes.hi.is)

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóli Íslands

